

Nd.

28. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

Nefndin hefir nú lokið meðferð sinni á greindu frumvarpi, sem hæstvirt landsstjórn hefir lagt fyrir háttv. deild.

Þykir nefndinni ástæða til að gera þær breytingar á frumvarpinu, sem felast í breytingartillögum þeim, sem hjer fara á eftir. Tillögurnar skýra sig að mestu sjálfar. Þó þykir nefndinni ástæða til að taka þetta fram:

Frumvarp þetta er samið og lagt fyrir þingið af hæstvirtri landsstjórn. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu er þess getið, að það sje fram komið til þess að kosningarlögín geti sem fyrst orðið í samræmi við stjórnarskrána, sem væntan-

lega verður samþykkt á þessu þingi, þegar hún nær staðfestingu konungs. Nefndin fellst á þessar ástæður stjórnarinnar, en telur ómögulegt, að það samræmi náist nema gerðar sju breytingar þær, sem hjer er lagt til að gerðar sju.

Þegar um er að ræða breytingar, sem, eins og hjer, eru aðallega eða eingöngu lögformlegs eðlis, telur nefndin óheppilegt, að í undirbúningi stjórnarinnar skuli gleymast svo sjálfsgöðar breytingar sem breytingin á 79. gr. og ákvæðunum um stundarsakir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr.

Á eftir orðunum »hver ríkisborgari« komi:

karl og kona.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr., svo hljóðandi:

Fyrri málsgrein 79. gr. orðist svo:

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 4. hvert ár.

3. Á eftir þeirri grein komi ný grein, sem verði 4. gr., svo hljóðandi:

Í stað fyrri málsgreinar ákvæða um stundarsakir komi:

Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sju þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.

Almennar, reglulegar alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum skulu fara fram árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

4. Upphaf frv. orðist svo:

Í stað 1. og 6. gr., fyrri málsg. 79. gr. og fyrri málsg. ákvæða um stundarsakir í lögum 3. nóv. 1915 um kosningar til Alþingis koma eftirfarandi greinar.

Frekari grein verður gerð fyrir breytingartillögum þessum í fram-sögu málsins.

Alþingi, 16. febrúar 1920.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Þórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

Sveinn Björnsson,
framsögum.

Pjetur Oltesen. Stefán Stefánsson. Þorleifur Jónsson. Jón Sigurðsson.